

stefndum fyrir hinni umstefndu upphæð, sem ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega, með vöxtum eins og krafist er og málskostnaði.

Umboðsmaður stefnanda hefir gjört kröfur til svo háa málskostnaðar sem að framan greinir með tilliti til þess, að hjer sje um „princip“-mál að ræða og hafi því úrslit þess áhrif á úrslit fleiri mála en þess, sem hjer liggur fyrir.

Umboðsmaður stefnds hefir mótmælt því, að umbjóðanda hans eigi að svlða undan því, þótt svo sje, og verður rjetturinn að telja þau mótmæli á rökum byggð. Þykir málskostnaður sá, sem stefndur á að greiða stefnanda, eftir atvikum nægilega hátt ákveðinn 100 krónur.

Föstudaginn 23. apríl 1926.

Nr. 27/1926. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Jóni Jónssyni, Wilhelm Schekat,
Carl Poul Max Becker, og Adolf
Michelsen** (Guðm. Ólafsson).

Brot á aðflutningsbannslögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 13. mars 1925: Kærður, Jón Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í tvo mánuði og greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi, sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærðir, Wilhelm Schekat, Carl Poul Max Becker og Adolf Michelsen, sæti hver um sig einföldu fangelsi í tvo mánuði og greiði hvor um sig 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi, sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

E/S. „Siegfried“ frá Hamborg, svo og hið ólöglega innflutta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærðir, Jón Jónsson, Wilhelm Schekat og Adolf Michelsen, greiði hver um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt. Allan

annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greið allir hinir kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að fangelsisrefsing kærða Jóns Jónssonar ákveðst þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsisrefsing Carl Poul Max Becker tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Fresturinn til greiðslu sekta allra hinna kærðu telst frá birtingu dóms þessa. Hinir kærðu greiði hver um sig gæsluvarðhaldskostnað sinn, og einn fyrir alla og allir fyrir einn skulu þeir greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflytningislaun til sækjanda 150 kr. og verjanda 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað, þó þannig, að kærði Jón Jónsson sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og kærði Carl Poul Max Becker sæti tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Fresturinn til greiðslu sektanna telst frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu Jón Jónsson, Wilhelm Schekat, Carl Poul Max Becker og Adolf Michelsen greiði hver um sig gæsluvarðhaldskostnað sinn, og einn fyrir alla og allir fyrir einn greiði þeir allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti þar með

talið málfutningskaup til sækjanda kand. jur. Stefáns Jóh. Stefánssonar 150 kr. og til verjanda hæstarjettarmálfutningsmanns Guðmundar Ólafssonar 100 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Sunnudaginn 7. þ. m. kom eimskipið „Siegfried“ frá Hamborg, einkennisbókstafir A. J. W. V. inn á Vogavík í Gullbringusýslu og lagdist þar uppi undir landi á 5 fadma dýpi. Skipið skaut báti í land, án þess að fullnægja fyrirmælum sóttvarnarlaga, og voru í honum 6 menn, þar á meðal Íslendingurinn Jón Jónsson, áður bryti, til heimilis á Klapparstíg 19 hjer í bænum, 27 ára að aldri. Gekk hann racleiðis til Hafnarfjarðar og kom í bifreið þaðan hingað til bæjarins um kvöldið. Í Vogavík hvesti og brimaði svo, að báturinn komst ekki út í skipið aftur. Þótti ferðalag skipsins grunsamlegt svo hlutadeigandi hreppstjóri gjörði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu advart um það, en hann aftur stjórnarráðinu. Sýslumaðurinn lét sækja mennina til Vogavíkur og setja í sóttvarnarhald í Hafnarfirði en hingað voru þeir fluttir daginn eftir. Stjórnarráðið fjekk varðskipið „Fylla“ til þess að fara á vettvang. Kom það til Vogavíkur aðfaranótt mánudagsins, og er það sýndi sig að skip þetta hafði áfengi innanborðs, tók varðskipið það fast og kom með það hingað á mánudaginn og byrjaði rannsókn þessa máls þá um kvöldið.

Við rannsóknina kom það í ljós að farmur e/s. „Siegfried“ var:

1665	10 lítra dunkar með spiritus,
60	heilflöskur með »cognac«,
126	— — — — »rommi«,
273	— — — — »Whisky«.

Annar eða meiri farm hafði skipið ekki meðferðis og fyrir honum hafa engin farmskjöl fundist og allir hlutadeigendur hafa neitað að hafa eða hafa orðið varir við slík skjöl.

Skipshöfnin var ráðin til ferða um Norður- og Austursjóinn eftir því sem hún hefir borið og á skipshafnarskránni stendur og er ekki ástæða til að ætla, að hún hafi ætlað sjer að hjálpa til

áfengisflutnings hjer til landsins. Hinsvegur eru 4 menn af þeim sem á skipinu voru, riðnir við áfengisinnflutninginn og er því mál þetta höfðað gegn þeim fyrir brot gegn aðflutningsbannslög- unum og sóttvarnarlöggjöfni.

Framanefndur *Jón Jónsson* hefir kannast við það, að hann hafi í Hamborg komist í samband við mann, að nafni dr. Hartmann, sem eftir því sem upplýst er í málinu, mun vera í fjelagi því „Nordische Seefischerei“ í Hamburgh, sem á e/s. „Siegfried“, og eiga farminn eða hafa haft umráð yfir honum. Samdist svo um með þeim, að Jón skyldi kaupa allan farminn, er hingað kæmi, og átti hann að kosta 80 þúsund íslenskar krónur allur, en gæti hann ekki keypt allan farminn, lofaði hann að hjálpa til að selja hann hjer og átti Jón þá að borga 5 krónur fyrir spiritus líterinn. Hann kveðst hafa borgað dr. Hartmann 100 sterlingspund upp í áfengið í Hamborg og samþykkt 3000 íslenskra króna víxil í sama skyni, er greiðast átti hjer í Reykjavík 14 dögum eftir sýningu. Jón var farþegi á „Siegfried“ hingað upp og fór í land með þeim hætti, sem að framan er frá skýrt, til þess að vita, hve mikið hann gæti keypt af farminum sjálfur og hve mikið selt öðrum, og átti „Siegfried“ að biða hans á Vogvík. Hann hefir skýrt svo frá, að svo hafi verið umtalað í Hamborg, að skipið færi með það af farminum til Noregs og seldi þar, sem ekki seldist hjer. Jón var tekinn fastur af lögreglunni á mánu- daginn, honum úrskurðað gæsluvarðhald um kvöldið og hefir hann setið í því síðan.

Wilhelm Schekat, fæddur 27. september 1894 í Þýskalandi, heimilisláus, hefir kannast við það, að hann beri ábyrgð á ferðala- lagi e/s. „Siegfried“, því annar skipstjóri sje ekki á skipinu. Hann hefir og kannast við það, að hann hafi vitað, að farmur skipsins var áfengi og fengið að vita áður en skipið fór frá Cuxhaven, að ferðinni væri heitið til Íslands, og að útgerðar- maður þess hafi á kortinu bent sjer á Vogavík sem ákvörðunar- stað skipsins. Hann hefir haldið því fram að hann hafi ekkert átt að hafa með farminn að gera. Fyrst skýrði hann svo frá, að samkærður Carl Becker hefði sagt sjer, að útgerðarmaður „Siegfried“ ætti farminn en hann (Becker) hefði umráðin yfir honum fyrir hans hönd, síðar í prófunum gekk hann frá þessum fram- burði og kvað útgerðarmanninn hafa sagt sjer þetta. Loks gekk hann frá því í síðasta rjettarhaldinu að hann hefði sagt nekkuð um það, hver hefði umráð yfir farminum. Nafn hans stendur

ekki á skipsskjölunum sem skipstjóra, heldur nafn manns, sem upplýst er í málinu að var skipstjóri á „Siegfried“, þar til skipið fór í þessa ferð. Schekat fór í land í bátinum í Vogavík og var honum úrskurðað gæsluvarðhald á mánudagskvöldið og hefir hann verið í því síðan.

Kærður *Carl Poul Max Becker*, fæddur 6. september 1891 á Þýskalandi, til heimilis í Cuxhaven, hefir kannast við það, að hann sje stýrimaður á e/s. „Siegfried“. Nafn hans stendur ekki á skipshafnarskránni og hefir hann skýrt svo frá, að ástæðan til þess sje sú, að hann hafi átt að vera skipstjóri á skipinu þessa ferð, en siglingapróf sitt verið svo ófullknmið, að hann hafi ekki mátt vera skipstjóri á skipi, er færi til Íslands; hafi hann því útvegað W. Schekat sem skipstjóra á ferðinni. Hann hafði umboð (rjettarskjal nr. 3) frá útgerðarfjelagi e/s. „Siegfried“ til þess að vaka yfir ferðalagi skipsins og taka að sjer skipstjórna, ef breytt væri frá reglum þeim, sem útgerðin hefði sett, sjerstaklega ef farið væri inn fyrir landhelgislinuna. Hann skoðaði og kallaði skipshöfnin skipstjóra en Schekat stýrimann. Hann hefir neitað því að hann hafi haft nokkur umráð yfir farminum, en sú neitun kemur í bág við umboð það sem hann hefir sjálfur afhent rjettinum.

Kærður *Adolf Michelsen* fæddur 15. október 1903 á Þýskalandi, til heimilis í Hamborg, er lögskráður á e/s. „Siegfried“ sem „super cargo“ enda hefir hann skýrt svo frá, að dr. Hartmann, Hamburg 5, Kirchenstrasse 43, eigi eða sje umráðamaður farmsins í „Siegfried“ en hann sjálfur hafi haft umráð farmsins fyrir hans hönd. Hann hefir kannast við, að hann hafi átt að selja farminn fyrir dr. Hartmann og að dr. Hartmann hafi treyst sjer til að koma með peningana fyrir farminn. Í síðasta rjettarprófinu vildi hann þó halda því fram, að hann hafi ekki átt að hafa með sölu farmsins að gera, heldur aðeins taka á móti borguninni, en það kemur í bág við framburð hans sjálfs áður og framburði hinna annara kærðu.

Hinir kærðu Becker og Michelsen fóru ekki í land í Vogavík en komu á skipinu hingað. Hinn fyrnefndi hefir verið í skipinu síðan og vörður á því. Hinum síðarnefnda var úrskurðað gæsluvarðhald 9. þ. m. og hefir hann verið í því síðan.

Kærður Jón Jónson hefir tvívegis áður verið sektaður fyrir ólöglegan innflutning áfengis, í fyrra sinnið 29. september 1919

um 600 krónur og í síðara sinnið 6. júní 1923 um 500 krónur og hefir hann greitt þær sektir.

Það hefir ekki orðið upplýst að hinir aðrir kærðir hafi gerst sekir um brot á aðflutningsbannslöggjöfinni íslensku.

Rjetturinn verður að telja alla hina kærðu með framangreindu framferði sínu hafa gerst brotlega gegn 1. gr. l. nr. 15, 1925 og þá Jón Jónsson og W. Schekat auk þess einnig gegn 1. gr. l. nr. 31, 1923.

Refsing sú, sem kærður Jón Jónsson hefir unnið til eftir 13. gr. laganna frá 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 1902, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í tvo mánuði og 3000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Refsing kærðs W. Schekat eftir sömu lagagreinum þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í tvo mánuði og 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Refsing kærðu Carl Becker og Adolf Michelsen eftir 13. gr. laga nr. 15, 1925 hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í tvo mánuði og 2000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 13. gr. laganna frá 1925 verður að dæma e/s. „Siegfried“ frá Hamburg og áfengi það, er í því var ólöglega innflutt upptækt og eign ríkissjóðs.

Hinir kærðu Jón Jónsson, W. Schekat og Adolf Michelsen greiði hver um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt. Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði allir hinir kærðu in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.